

**Þróunarsjóður innflytjendamála 2016-17**  
**Development Fund for Immigration Issues**

**Heiti verkefnis:** Velkomin til Íslands – menningarnámskeið

**Nafn styrkþega:** Reykjavíkurdéild Rauða kross Íslands

**Útdráttur:** Ísland er fámennt land og hefur enn sem komið er tekið á móti litlum hópi flóttamanna. Hópur þessi fer þó stækkandi en þar sem við erum enn á fyrstu stigum sem móttökubjóð höfum við rík tækifæri til þess að koma alfarið í veg fyrir að til alvarlegra árekstra eða annarskonar vandamála komi. Til þess að svo megi verða er þó brýnt að bregðast fljótt við til þess að tryggja stöðugleika, öryggi og velferð allra íbúa landsins, bæði gamalla og nýrra. Fólk sem hingað leitar kemur úr ólíkum áttum og er með ólíkan bakgrunn og langflestir koma úr menningarheimum sem eru Íslendingum ókunnugir. Brýnt er að bjóða nýjum íbúum landsins upp á þjálfun þar sem farið er yfir helstu einkenni og grundvallaratriði íslensks samfélags, til þess að koma í veg fyrir einangrun einstaklinga eða hópa frá íslensku samfélagi og stuðla að því að allir eigi sem bestan kost á því að verða ánægðir virkir borgarar þessa lands. Velkomin til Íslands er menningarnámskeið sem er fyrir alla þá sem koma nýir til Íslands og vilja kynnast menningu frá heimalöndum þátttakenda. Markmiðið er að fólk komi saman, kynnist og deili hugmyndum, háttum og vangaveltum. Verkefnið Velkomin til Íslands hefur verið haldið fjórum sinnum árið 2017. Alls hafa 26 einstaklingar útskifast af námskeiðinu og 12 sjálfboðaliðar komið að námskeiðunum.

**Project Title:** Welcome to Iceland

**Name of Grantee:** Red Cross Iceland – Reykjavík department

**Abstract:** Iceland is a small country and has only received a small number of refugees so far, but this group is becoming bigger with time and since Iceland is still in the first stages as a receiving nation, it has a good chance to make sure that immigration goes well for all parties. Those that come to Iceland are coming from different cultures that are strange to Icelanders and vice versa. It is important to offer training to new citizens of the country where the essentials of Icelandic society are introduced. The course – welcome to Iceland – introduced Icelandic culture to immigrants and the cultures of our new inhabitants to Icelandic culture. Icelanders and immigrants came together to share ideas, gain insights into each other's traditions and habits, thoughts and beliefs and to get to know each other. Common challenges such as housing and employment were also addressed. The course has been held four times over the year 2017. In total, 26 participants have graduated from the course and 12 volunteers have been involved in the course.